



Öflugur aðgerðapakki stjórnvalda til handa fyrirtækjum

Alþingi samþykkir auknar ábyrgðir ríkissjóðs

Með nýjum fjárukalögum fékk fjármála- og efnahagsráðherra heimild til að semja við Seðlabanka Íslands um milligöngu við að auka möguleika lánastofnana til að veita viðbótar lánafyrirgreiðslu til fyrirtækja sem orðið hafa fyrir verulegu tekjutapi.

Gert er ráð fyrir því að Seðlabanki Íslands veiti ábyrgðir til lánastofnana, með bakábyrgð ríkissjóðs, sem þær geta nýtt til viðbótarútlána til viðskiptavina sem uppfylla sett skilyrði.

Ætlunin er að bakábyrgðin geti numið 50–70% höfuðstóls viðbótarlána og að heildarábyrgð ríkissjóðs vegna viðbótarlána geti numið á bilinu 35–50 mö.kr.


Í þessu sambandi er gert ráð fyrir aukinni lagastoð fyrir ríkissjóð í lögum um ríkisábyrgðir og að í lögum um Seðlabanka Íslands verði bankanum veitt lagastoð til að semja við ríkissjóð til að veita lánastofnunum aukin úrræði.

Samstarf ríkissjóðs og Seðlabanka

Gert er ráð fyrir að fjármála- og efnahagsráðherra geri samning við Seðlabankann sem myndi aftur gera samninga við lánastofnanirnar þar sem umfang og skilyrði ábyrgða yrðu skilgreind nánar. Aðstoðin fælist í því að Seðlabankinn veiti 50-70% ábyrgð á viðbótarlánunum lánastofnana til fyrirtækja sem felur í sér að áhættan af lánveitingum skiptist milli lánveitanda og Seðlabanka. Lánin verði veitt af lánastofnununum sjálfum og af þeirra efnahag.


Ríkissjóður mun tryggja Seðlabankanum skaðleysi vegna hugsanlegs tjóns. Ríkissjóður tekur þannig á sig áhættu af lánveitingunum sem nemur allt að 70 mö.kr. Gera má ráð fyrir því að tapsáhætta ríkissjóðs vegna þessa sé veruleg þar sem fyrirtækin sem um ræðir eiga væntanlega í töluverðum vanda.

Skuldir fyrirtækja sem hlutfall af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands

Raunvöxtur skulda fyrirtækja



Heimild: Seðlabanki Íslands
Ársfjórðungsgögn



Forsendur og skilyrði lánveitinga

Mikilvægt er að sú aðstoð sem veitt er með þessum hætti byggji á skýrum forsendum sem tryggi jafnræði þeirra fyrirtækja sem leita eftir fyrirgreiðslu. Tilgreina þarf vandlega þau hlutlægu skilyrði sem eiga að gilda um skiptingu ábyrgða milli lánastofnana. Einnig þarf að gera ráð fyrir ákveðnum sveigjanleika við útfærslu veitingu ábyrgða þar til umfang og eðli vandans liggja ljós fyrir.


Samkvæmt greinargerð með fjárukalagafrumvarpi mun ráðherra setja ákveðin skilyrði við veitingu ábyrgða. Þar ber helst að nefna:

- Ábyrgðir verði eingöngu á nýjum lánum til fyrirtækja sem hafa orðið fyrir a.m.k. 40% tekjumissi milli ára. Þá þarf vandi fyrirtækisins að vera ófyrirséður og sýnt að það geti orðið rekstrarfært með viðeigandi aðstoð þegar áhrif heimsfaraldursins minnka.
- Lánastofnanir skuli fyrst grípa til hefðbundinna úrræða sem þær hafa. Lán með ábyrgðum verði einungis veitt ef hefðbundin úrræði duga ekki til.
- Gert er ráð fyrir að hámarkslán til einstakra fyrirtækja geti numið tvöföldum launakostnaði þeirra á síðasta ári.
- Lánastofnun skal taka tillit til þess við ákvörðun kjara að hún ber aðeins hluta áhættu við veitingu lánsins.
- Ábyrgð verður afturkölluð að 18 mánuðum liðnum.
- Lán fari eingöngu til fyrirtækja þar sem launakostnaður var a.m.k. 25% af útgjöldum síðasta árs.
- Heimilt verði að takmarka hagnýtingu lánsins þannig að það verði t.d. eingöngu nýtt til greiðslu launa, rekstraraðfanga og húsaleigu.


Fyrirtækin standa betur en oft áður

Þegar litið er á stöðu íslenskra fyrirtækja eins og hún var áður en heimsfaraldurinn skall á má sjá að hún var sögulega nokkuð góð, allavega miðað við meðaltalið. Skuldir fyrirtækja sem hlutfall af landsframleiðslu lækkuðu verulega frá 2008 til 2015 og hafa verið nokkuð stöðugar síðan. Skuldirnar lækkuðu reyndar að raungildi á seinni hluta síðasta árs. Að sama skapi hafa hrein ný útlán til fyrirtækja verið tiltölulega lítil síðustu misseri. Eiginfjárstaða fyrirtækja hefur sjaldan verið betri en á árunum 2016–2018.


Hrein ný útlán til fyrirtækja



Eignir, skuldir og eiginfjárlutfall fyrirtækja



Fjöldi gjaldþrota sem hlutfall af fjölda fyrirtækja





Mörgum hefur verið tíðrætt um að staða ríkissjóðs sé með þeim hætti að hann eigi auðvelt með að grípa til stórfelldra ráðstafana til þess að milda afleiðingar kreppunnar á fólk og fyrirtæki. Að sama skapi má segja að á heildina litið hafi fyrirtæki staðið nokkuð vel áður en hamfarirnar skullu á, sé litið til meðaltalsins.

Mikil vinna framundan

Meðaltalstölur fela margs konar aðstæður sem uppi eru. Staða fyrirtækja er misjöfn og skipta atvinnugreinar og landsvæði jafnan máli í því sambandi. Meðal þeirra skilyrða sem stendur til að setja fyrir aðstoð til fyrirtækja er að vandi þeirra hafi verið ófyrirséður og sýnt sé að þau geti orðið rekstrarfær með viðeigandi aðstoð eftir að heimsfaraldrinum linnir. Þetta mat verður ekki alltaf auðvelt og mikil og flókin vinna er væntanlega framundan við að meta hver getur nýtt sér úrræðið og hver ekki.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.